

Yfirlýsing

Páls Magnússonar

Þann 30. september s.l. var ég ráðinn í starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Stjórn Bankasýslunnar óskaði í gær lausnar frá störfum vegna utanaðkomandi afskipta af ráðningunni. Með afsögn stjórnar Bankasýslunnar eru brostnar allar forsendur þess að ég komi til starfa sem forstjóri stofnunarinnar. Það er óvinnandi verkefni fyrir hlutaðeigandi að sitja undir pólitískum afskiptum, en í raun hafa stjórnámálamenn krafist þess að lögum og reglum um opinberar ráðningar verði vikið til hliðar í málefnum Bankasýslunnar.

Með vísan til þessa hef ég í dag tilkynnt fjármálaráðherra að ég muni ekki taka við starfi forstjóra Bankasýslunnar.

Kópavogi 25. október 2011,


Páll Magnússon